

Föstudaginn 12. janúar 1968.

- Nr. 73/1967. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
 gegn
Sigurbjörgu E. Levý f. h. Eddu Stefaníu Levý
 og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
 og
Sigurbjörg E. Levý f. h. Eddu Stefaníu Levý
 gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs
 og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Læknaráð. Öroroka.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 16. nóvember 1963 mat Páll Sigurðsson trygginga-
 yfirlæknir varanlega örorku gagnáfrýjanda, Eddu Stefaníu
 Levý, 5%.

Tryggingayfirlæknirinn mat varanlega örorku gagn-
 áfrýjanda af nýju hinn 24. marz 1965, og er niðurstaða
 þeirrar örorkumatsgerðar yfirlæknisins svohljóðandi:

„Stúlkan ber meiri menjar slyssins, sem hún hlaut 13/12
 1961, en gert var ráð fyrir í örorkumati undirritaðs 16/11
 1963. Einkum er örið mun meira áberandi og óþægindin
 meiri en undirritaður hafði gert ráð fyrir.

Af þessum sökum verður að telja, að örorkumat, er þá
 var gert, sé of lágt, og varanleg örorka stúlkunnar vegna
 slyssins er hæfilega metin 10%“.

Í greinargerð aðaláfrýjanda í héraði er örorkumati þessu
 „mótmælt sem of hátt áætluðu og órökstuddu“, og hér fyrir
 dómi hefur aðaláfrýjandi krafizt þess, að um það verði
 fengin umsögn Læknaráðs Íslands. Þykir verða að taka þá
 kröfu til greina, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942,
 þannig að ráðið lýsi áliti sínu á því:

1. Hvort Edda Stefania Levý hafi hlotið varanlega örorku af völdum slyss þess, er hún varð fyrir hinn 13. desember 1961 og í málinu greinir.

2. Hverju nemi varanleg örorka Eddu Stefaniú, ef því er að skipta.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitserð samkvæmt framangreindu.

Föstudaginn 12. janúar 1968.

Nr. 1/1968. **Dráttarvélur h/f**
 gegn
Malbikun h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Birting stefnu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1967, er barst dóminum 3. janúar 1968. Hann krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á sakarefni og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. nóv. 1967, af Dráttarvélum h/f,